

LISTIR



Morgunblaðið/Jón Gunnlaugsson

RÓSA Guðmundsdóttir afhendir Jóhönnu Jónsdóttur, formanni hússtjórnar Listasetrins myndverkið Haust.

Listasetrinu á Akranesi afhent gjöf

Akranesi, Morgunblaðið.

LISTASETRINU Kirkjuhvoli á Akranesi barst á dögunum myndverk að gjöf þegar Rósa Guðmundsdóttir fræði setrinu Myndvefnadarverkið Haust eftir Auði Vésteinsdóttur, dóttur gefandans, en Auður hélt velheppnaða sýningu á verkum sínum í lista-

setrinu fyrr á þessu ári.

Með þessari gjöf vill Rósa minnst sr. Jóns M. Guðjónssonar með þakklæti og leggja sinn skerf til þess að áhugamál hans og langbráður draumur um stofnun listasafns á Akranesi verði að veruleika.

Stíllinn í list Ásmundar Sveinssonar

Í ÁSMUNDARSAFNI verður formlega opnuð á laugardag kl. 16 sýning á verkum Ásmundar Sveinssonar, sem ber yfirskriftina „Stíllinn í list Ásmundar Sveinssonar“.

Alla tíð hafa íslenskir listamenn verið opnir fyrir alþjóðlegum stefnum og straumum. Þeir hafa kunnað að tileinka sér ákveðnar myndgerðir og gert þær að sínum. Á þessari sýningu er ætlunin að gefa yfirlit yfir ólíkar myndgerðir í list Ásmundar Sveinssonar og draga fram þau sérkenni sem einkenna list hans. Í kynningu segir m.a.:

„Í listasögunni nálgast fræðimenn stílfræðina á ólíkum forsendum. Fornleifafræðingar nota hana einkum til að marka munum fortíðarinnar bás í tíma og rúmi út frá formum, mótífum, tækni og teikningu, án þess þó að huga um of að fagur-

fræðilegum eiginleikum. Fyrir listfræðinginn er stíllinn grundvallaratriði. Gagnrýnendur hafa leitast við að draga fram listamanninn sjálfan og lagt áherslu á ýmiss konar gildis-hugmyndir tengdar stílhugtakinu.

Oft og íðulega hafði Ásmundur Sveinsson það á orði að hann gæti skipt um stíl líkt og ljóðskáldið um rím. Það sýndi einfaldlega fram á tæknilega hæfileika listamannsins og kæmi engan veginn í veg fyrir persónulega tjáningu. Og víst er að þegar lítið er yfir listrænan feril Ásmundar hljóta menn að undrast hinn formræna margbreytileika í verkum hans.“

Sýningin verður opin fram á haust. Safnið er opið yfir sumartím-ann alla daga kl. 10–16. Yfir veturinn er opið alla daga kl. 13–16.



Fjölskyldudagur Laugardaginn 27. maí 1995

Dagskrá:

Skemmtileg og fræðandi dagskrá allan daginn.
Frítt í Sundlaugarnar.
Við hvetjum alla Reykvikinga til að vera með.

Gönguferðir og skökk:

Kl. 13:00 ÍPRÓTTIR FYRIR ALLA:
Skokkað frá Skautasvellinu.
Upphitun, teygjur og leiðsögn. Búningsaðstaða.
Fjölskyldu- og Húsdýragarðurinn og íslenskur
landbúnaður kynna íslenska heilsurétti.
Kl. 10:00 Sundlaug Vesturbæjar:
Gönguferð - 6 km með starfsfólki
Heilsugæslustöðvarinnar á Seltjarnarnesi.

Sund og sundleikfimi:

Frítt í allar sundlaugarnar.
Kl. 8:30 Sundlaug Vesturbæjar: Kynning á vatnsleikfimi.
Kl. 10:00 Laugardalslaug: Kynning á vatnsleikfimi.
Kl. 10:00 Sundhöllin: Pölfimi í vatni (Erobik)
Nýjung á Íslandi kynnt í fyrsta skipti!

Heilsugæslan:

Kl. 10:00 - 14:00 Starfsfólk heilsugæslunnar í Reykjavík biður uppá blóðþrýstingsmælingar, fræðslu og ráðleggingar um mataræði, reykingavarnir og slysavarnir við allar sundlaugar borgarinnar.
Í Grafarvogi við verslunarmiðstöðina við Hverafold kl. 12:00 - 16:00.
Opíð hús er hjá heilsugæslustöðinni við Vesturgötu kl. 10:00 - 14:00.

Heilsuefning á fjölskyldudegi



Heilsugæslan
í Reykjavík



Blómleg ávöxtun!

Nú færðu hærrí ávöxtun á sparifé þitt í Íslandsbanka.

5,60%

Verðtryggð Sparileið 48

3,20%

Óbundin Sparileið

Taktu markvissa stefnu í sparnaði.

Það borgar sig að spara á Sparileiðum Íslandsbanka.



ÍSLANDSBANKI

– í takt við nýja tíma!